

Ár 2004 þann 13. október kom félagsmála- og jafnréttisnefnd saman til fundar kl. 16:30. Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra sem reit fundargerð.

Rædd voru fyrst tvö mál sem varða einstaklinga og var afgreiðsla á þeim færð í sérstaka trúnaðarmálabók. Síðan voru eftirfarandi mál tekin fyrir:

Erindi frá félagsmálaráðuneytinu (reglur um félagslega heimaþjónustu). Ráðuneytið fer fram á að fá sendar reglur um félagslega heimaþjónustu frá sveitarfélaginu. Slíkar reglur eru ekki fyrir hendi. Lögð voru fram nokkur eintök af reglum nokkurra sveitarfélaga á þessu sviði. Ljóst er að semja þarf slíkar reglur; enn fremur reglur um fjárhagsaðstoð og liðveislu.

Ákveðið að halda vinnufund 27. október nk. kl. 16:30, þar sem samdar verða reglur um þessi mál.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:55.

Björk Bárðardóttir (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Indíana Ólafsdóttir (sign)
Einar Örn Thorlacius (sign)